

18% atvinnuleysi á Suðurnesjum

● 21.271 einstaklingur atvinnulaus í almenna bótakerfinu eða á hlutabótum ● VMST spáir áframhaldandi vexti atvinnuleysis, sem verði 10,2% í október ● 7.173 erlendir ríkisborgarar án vinnu


Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is

Bylgja atvinnuleysis á umliðnum mánuði kemur mjög misþungt niður á byggðarlögum og landshlutum. Suðurnesin skera sig úr og hafa orðið verst úti af einstökum landshlutum en þar jókst heildaratvinnuleysi úr 16,5% í júlí og fór í 18% í ágústmánuði. Atvinnuleysi í almenna atvinnuleysisbótakerfinu var 16,9% á Suðurnesjum og 1,1% var í minnkuðu starfshlutfalli og á hlutabótum.

Raunar jókst atvinnuleysi í seinasta mánuði alls staðar á landinu nema á Vestfjörðum þar sem það stóð í stað á milli mánaða. Sérfræðingar Vinnuástandstofnunar (VMST) spá því nú að heildaratvinnuleysið muni halda áfram að aukast næstu mánuði, verða 9,6% í yfirstandandi mánuði og hækka í 10,2% í október.

Erfið staða í ferðaþjónustu

Þessar upplýsingar koma fram í mánaðarskýrslu VMST um atvinnuástandið sem birt var í gær. Þar má sjá að á Suðurnesjum er atvinnuleysið mun meira meðal kvenna en karla, eða 20,9% alls hjá konum en 16,1% hjá körlum. „Hefur það aukist mikið meðal kvenna á Suðurnesjum frá í júní, en vex hægar meðal karla,“ segir í skýrslu VMST.



Bent er á að erfið staða flugrekstrar og ferðaþjónustu bitnar hart á atvinnulífi Suðurnesja. „Þannig er nú um helmingur atvinnulausra á Suðurnesjum í almenna bótakerfinu að koma úr starfi tengt flugsamgöngum og ferðaþjónustu samanborið við um 36% atvinnulausra á landinu öllu. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi á

Suðurnesjum fari í um 17,5% í september,“ segir þar einnig.

Almennt atvinnuleysi á landinu öllu var 8,5% í ágústmánuði sem er nokkur aukning frá fyrri mánuði. Atvinnuleysi tengt minnkuðu starfshlutfalli var óbreytt í ágúst frá júlí eða 0,9%. Að samanlögðu mældist því 9,4% heildaratvinnuleysi á vinnuástandinum í seinasta mánuði. Á eftir Suðurnesjum var ástandið næstverst á höfuðborgarsvæðinu en



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Tómt Samdráttur í flugumferð hefur haft mikil áhrif á Suðurnesjum.

Þar var almenna atvinnuleysið 8,9% í ágúst og heildaratvinnuleysið, þ.e. að meðtöldum þeim sem voru með hlutabætur í skertu starfshlutfalli, var 9,9%. Á Norðurlandi eystra mældist 6,1% heildaratvinnuleysi, 4,2% á Austurlandi og 7,5% á Suðurlandi.

Um 36% atvinnulausra í ágúst koma úr flugsamgöngum og ferðaþjónustutengdum greinum.

Á bak við þessar hlutfallstölur um atvinnuástandið eru 17.788 einstaklingar sem voru skráðir atvinnulausir í almenna bótakerfinu um seinustu mánaðamót. 3.483 einstaklingar voru á sama tíma í minnkuðu starfshlutfalli. Að öllu samanlögðu voru

því 21.271 einstaklingur atvinnulaus í almenna bótakerfinu eða fékk hlutabætur vegna skerts starfshlutfalls í seinasta mánuði. Ef atvinnuleysið er skoðað eftir kynjum kemur í ljós að það er nú orðið hærra meðal kvenna en karla alls staðar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu þar sem það er ívið hærra meðal karla. Heildaratvinnuleysið meðal karla á landinu er nú 9,3% en 9,6% meðal kvenna.

20,7% heildaratvinnuleysi erlendra ríkisborgara í ágúst

Atvinnuleysið hefur bitnað hart á fjölda einstaklinga sem eru af erlendum uppruna. Voru samtals 7.173 erlendir ríkisborgarar hefðbundnir atvinnuleitendur og án atvinnu, þ.e.a.s. voru ekki í skertu starfshlutfalli, í lok ágúst. „Þessi fjöldi samsvarar um 19% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Í fyrra á sama tíma voru 2.605 erlendir ríkisborgarar án atvinnu og hefur þeim því fjölgað mikið frá ágúst 2019. Auk hefðbundinna atvinnuleitenda voru einnig erlendir ríkisborgarar á hlutabótaleið eða alls 723 og má gera ráð fyrir að heildaratvinnuleysi erlendra ríkisborgara hafi verið nálægt 20,7% í ágúst.“

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2020, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. september 2020 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2020, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slystryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2020

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Komast hingað skilríkjalaus

● Flugfélög ráða hvort óskað sé eftir skilríkjum áður en gengið er um borð

Viðar Guðjónsson
vidar@mbl.is

Ástæður þess að fólk sem sækir um alþjóðlega vernd kemst til Íslands án ferðaskilríkja eru að flugfélögum á Schengen-svæðinu er í sjálfsvald sett hvort óskað sé eftir skilríkjum áður en gengið er um borð í flugvélar, skilríkin tynast eða er fargað áður en gengið er á land eða að ferðast sé á fólkskum skilríkjum.

Þetta kemur fram í svörum frá landamæraeftirliti lögreglunnar á Suðurnesjum og frá Rauða krossinum. Sé hælisleitandi skilríkjalaus hér á landi geta í sumum tilvikum liðið mánuðir eða ár áður en upprunaríki samþykkir tilvist viðkomandi eða gefur út ferðaskilríki hafi hérlend stjórnvöld sýnað um alþjóðlega vernd. Stoðdeild ríkislögreglustjóra, sem sér um framkvæmd brottvikninga frá Íslandi, getur ekki flutt fólk úr landi fyrr en skilríki frá upprunalandi eru tryggð.

Enginn veit að þú ert til

Brynhildur Bolladóttir, upplýsingafultrúi Rauða krossins, segir ástæður þess að fólk sé vegabréfslaust ýmsar. „Fólk á kannski vegabréf en í mörgum löndum er það þannig að fólk þarf á vegabréfsáritun að halda vilji það ferðast. Þetta er t.a.m. tilfellið í Sýrlandi. Þar af leiðandi freistast fólk til þess að kaupa vegabréf af smyglurum. Eins eru dæmi þess að stjórnvöld gefi ekki út skilríki. Ef þú ert að flýja land vegna pólitískra ofsókna leitar viðkomandi eðlilega ekki á náðir stjórnvalda,“ segir Brynhildur.

Eins segir hún að í sumum ríkjum sé enginn miðlægur gagnagrunnur. „Því veit kannski enginn að þú sért til. Fólk sem kemur til Íslands án skilríkja hefur því komist inn á Schengen-svæðið og kemst



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Vegabréf Víða þarf vegabréfsáritun til þess að geta ferðast á milli landa.

alla leiðina til Íslands án skilríkja. Svo eru dæmi þess að fólk glati skilríkjum sínum; annaðhvort tyni þeim á leiðinni, þeim sé stolið eða hreinlega tekin af fólki,“ segir Brynhildur.

Hún segir einnig að ein ástæða þess að tregða er í útgáfu ferðaskilríkja hjá upprunaríki sé sú að fólk sé af þjóðarbroti sem ekki er viðurkennt af stjórnvöldum. „Því er fólk eðlilega ekki ríkisborgarar viðkomandi ríkis í formlegum skilningi,“ segir hún.

Mun færri frá Venesúela

Útlendingastofnun birti í gær nýjar tölur um umsóknir um vernd eftir ríkisfangi. Umsækjendur voru 64 í ágústmánuði, flestir frá Sýrlandi og Palestínu eða 14 frá hvoru landi. Það sem af er ári hafa flestar umsóknir komið frá Venesúela eða 96. Einungis barst ein umsókn frá Venesúelamanni í ágústmánuði og er það fyrsta umsóknin frá því í apríl þegar einnig barst ein umsókn. Leiða má líkum að því að ástæðan sé ferðatakmarkanir í Bandaríkjunum vegna kórónuveirufaraldursins. Af 96 umsóknum um alþjóðlega vernd frá Venesúela það sem af er ári hafa 95 verið samþykktar samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun.